

Nr. 20.
15.
oktbr.

L ö g

um

brunamál í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallitz á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. grein.

Hver og einn er skyldur til að fara varlega með eld eða ljós, eða hvað annað, sem valdið getur eldsvoða, eða stuðlað til þess, að hann komi upp. Allir húsbændur og húsmæður skulu hafa eptirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra, eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu tilliti, að eigi verði að fundið. Það skal að endingu einnig vera skylda húseiganda, að hafa gætur á því, þegar leiguliðar þeirra eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanrækja það, sem að framan er fyrir mælt, og skulu þeir svo sem unnt er koma í veg fyrir eða hindra það.

2. grein.

Það skal með öllu bannað:

- að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hör, hey og hálm og því um líkt við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm;
- að reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður, eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjár- eða hesthús, heyhlöður, lopt eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirbyggjandi af hálm, lokarspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum;
- að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi, og öðru því um líku, nema það sje í kerum úr málm, steini eða leiri, eða að snara því út, fyrr en hellt hefir verið á það vatni eður með öðru móti komizt hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni;
- að hleypta úr skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu;
- að kveykja skotelda og tendra blys eða bikhringa, án leyfis lögreglustjórna;innar;
- að kveykja í sorphaugum af eldfimum úrgangi eða öðrum eldfimum hlutum, án leyfis lögreglustjórna;innar.

3. grein.

Að nota eldstór, sem fluttar verða úr einum stað í annan og hafðar eru um stundarsakir, á götu og opinberu svæði eður vegi, er að eins leyft með því móti, að þeim

Nr. 20. Lög 15. oktbr. um brunamál í Reykjavík.

L o v

om

Brandvæsenet i Reykjavik.

Nr. 20.
15.
Oktbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Rauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver er pligtig med tilbørlig Forsigtighed at omgaas med Ild og Eys og med alt hvad der kan fremkalde eller befordre Ildbrand. Alle Husfædre og Husmødre bør have Indseende med, at deres Born, Tyende eller andre Personer, der høre til deres Husstand, eller som i deres Tjeneste have Forretninger i Huset, i saa Henseende udvise forsvarligt Forhold. Det skal endelig ogsaa paaligge Huseierne at være opmærksomme paa og saavidt muligt at afværge eller forhindre Tilfidsættelse af foranførte Bestemmelser fra deres Leieres eller Husbeboeres Side.

§ 2.

Det forbydes udtrykkelig at henlægge leifængende Ting, saasom Hamp, Hør, Hø og Halm og deslige tæt ved Ildsteder eller opad Røglebninger fra saadanne; at ryge Tobak eller bære tændt Eys eller Lampe, der ikke er indesluttet i forsvarlig Lygte, eller bære Gløder eller anden Ild, der ikke er forvaret i lukket Ildkæse, i Kofstalde, Gaare- eller Hestestalde, Høhuse, paa Loftet eller andre Steder, hvor der findes Hø, Halm, Høvlspaaner eller andre leifængende Gjenstande i større Mængde; at opbevare i Bygninger Affe og andet Affald fra Ildsteder enten ublandet eller blandet med Feieskarn og deslige, undtagen i Kar af Metal, Sten eller Ler, eller at udfaste saadant, før enhver Fare for Antændelse er fjernet ved Paagydelse af Vand eller paa anden Maade; at affyre Skydevaaben i Nærheden af Bygninger eller Høstakke, Tørvestakke og andre lignende let antændelige Gjenstande; at afbrænde Byrværkerisager saavel som antænde Fakler eller Begfrandse uden Politiets Tilladelse; at antænde Dyrger af forbrændeligt Affald eller andre forbrændelige Gjenstande uden Politiets Tilladelse.

§ 3.

Anvendelsen af flyttelige og midlertidige Ildsteder paa Gade og offentlig Plads eller Vej er kun tilladt under Sagttagelse af de Forsigtighedsregler, som ville være at foreskrive i

Nr. 20. Lov af 15de Oktbr. om Brandvæsenet i Reykjavik.

Nr. 20. varúðar reglum sje fylgt, sem settar verða með reglugjörð þeirri, sem bæjarstjórnin semur, smbr. 16. gr. Hið sama er um lýsis- og tölgarbræðslu og tjöru- og bikgjörð, þegar það er gjört undir beru lopti. Í húsum inni má eigi hafa slíkt um hönd á náttarþeli, heldur eingöngu á daginn, og verður þá að viðhafa tilbærilega varúð.

15.
oktbr.

4. grein.

Að því leyti er snertir reykháfa, ofna og arin, sem eptirleiðis verða upp settir, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

Reykháfar skulu hlaðnir upp rammbyggilega, úr tigulsteini eða grjóti og kalki, og vera hvervetna að minnsta kosti á þykkt við hálfan tigulstein. Þar sem reykháfurinn gengur gegnum bitana og borð, sem lögð eru undir bita, skal að minnsta kosti vera 8½ þumlungur milli þeirrar hliðar hans, sem inn veit, og alls viðarins, og má heldur eigi þilja reykháfinn eða klæða hann borðum, eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfurinn skal hlaðinn annaðhvort frá grundvelli, eða liggja á hvolfi milli tveggja steinveggja, og má með engu móti liggja á bitunum.

Ofna og arin má eigi setja nær timbrinu en að 8 þumlungar sjeu á milli; skulu þeir standa á undirstöðu, sem hlaðinn sje eingöngu úr kalkbundnum steini, eða járn; sje neðst í ofninum grind og því ösku-draghvolf í undirstöðunni, og sje ofninn settur á járn-undirstöðu, sem er hol innan, skal rjett undir öskudraghvolfið, og að minnsta kosti 2 þuml. frá, setja járnþynnu á gólfið, sem fellur að öllu leyti að undirstöðunni innanverðri. Af gólfinu fyrir framan eldstóna skal að minnsta kosti 12 þumlunga rúm vera þakið einhverju efni, sem eigi sje eldfimt, og að minnsta kosti 6 þumlunga rúm til hliðanna og fyrir aptan eldstóna. Pípur úr ofnum og káminum skulu ganga inn í steinhlaðna reykháfa, og má eigi vera skemmra milli ofnpípaanna og loptsins eða viðarins, en 8 þumlungar. Lokaðar eldstór, sem elda má í (komfúr), má setja á bita, þegar lagt er undir tvöfalt lag af tigulsteinum, sem lagðir eru á flathliðina þannig, að samfestingarnar á neðri steinunum sjeu þaktar af efri steinunum, og járnungjörð sett í kring, eða annað, sem sje jafnöruggt. Að öðru leyti gildir hið sama um þær, sem um ofna og arin.

Brunamálanefndin getur veitt tilslökun í því, sem fyrir er mælt í þessari grein, þegar hún kemst að raun um, að gjörð sje einhver önnur ráðstöfun, sem hamlar eldsvoða.

5. grein.

Sjerhver húseigandi hefir ábyrgð á því, að öllum eldstóm í húsum þeirra, og reykháfum, sem úr þeim ganga, sje haldið í tilhlydilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tækan tíma hefir skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða brunamálanefndinni, ef nauðsyn krefur.

Hvað opt hreinsa skuli reykháfa, skal ákveðið af bæjarstjórninni, eptir að hún hefir borið sig saman um það við brunamálanefndina. Sóturum (reykháfa-hreinsöndum) þeim, sem bæjarstjórnin ræður til þess, ber að sjá um hreinsunina fyrir það kaup, sem bæjarstjórnin ákveður með gjaldaskrá, og má, ef þörf gjörist, taka það lögtaki. Brunamála nefndin ákveður hinar nákvæmari reglur um störf sóta.

Sótari hefir ábyrgð á því, hvernig hreinsað sje, en það skal vera ábyrgðarhluti eigandans, ef hann tálmar fyrir hreinsuninni. eða með ósönnum skýrslum veldur því, að reykháfar eigi verði hreinsaðir á þeim tímum, sem ákveðið er.

Nr. 20. Lög 15. oktbr. um brunamál í Reykjavík.

den af Byraadet affattede Vedtægt, jfr. § 16. Det samme gjælder om Brænding af Tran, Nr. 20. Smeltning af Talg, samt Røgning af Tjære og Beg, naar saadant foretages under aaben Himmel. I Bygninger maa saadant ikke foretages om Natten, men alene om Dagen og da under Tagtagelse af fornøden Forsigtighed. 15. Oktbr.

§ 4.

Med Hensyn til Skorstene, Kaffelovne og Kaminer, som herefter op sættes, gjælde følgende Regler:

Skorstene skulle forvarligen opføres af Mur eller Kampesten i Kalk og være overalt af $\frac{1}{2}$ Murstens Tykkelse. Hvor Skorstensrøret passerer gennem Bjælkelaget og Forfalingen, skal dets indvendige Side holdes mindst $8\frac{1}{2}$ Tommer fjernet fra alt Sommerværk, ligesom et saadant Rør ikke maa paneles, forskales eller gives Betræk paa Blindliste. Røret maa være opført enten fra Grunden af eller hvile paa en Hvælving mellem to Grundmure og i intet Tilfælde kunne komme til at hvile paa Bjælkerne.

Kaffelovne og Kaminer maa ikke anbringes nærmere end 8 Tommer til Træværk; de skulle staa paa en Fod af fuld Mur eller paa en Jernfod; er der i Kaffelovnens Grundflade en Nist, altsaa i Foden en Afstøffelse, og Kaffelovnen er anbragt paa en hul Jernfod, skal der umiddelbart under Afstøffelsen og mindst 2 Tommer fra Gulvet anbringes en Jernplade, der nøiagtig udfylder Foden. Gulvet skal foran Indfyrringen i en Afstand af mindst 12 Tommer og til Siden eller bagtil i en Afstand af mindst 6 Tommer fra Indfyrringen være belagt med uantændeligt Materiale. Rørene fra Kaffelovne og Kaminer skulle føres ind i murede Rør og maa ikke komme Loftet eller Træværket nærmere end 8 Tommer. Luffede Stedder til Røgeindretninger (Komfurer) kunne anlægges paa Bjælker, naar der gives dem et Underlag af et dobbelt Lag Mursten lagte i Forbundt paa Fladen og indfattet i Jernramme eller af en anden lignende betryggende Bessaffenhed. Forrigt gjælde med Hensyn til dem de samme Regler som for Kaffelovne og Kaminer.

Brandkommissionen kan indrømme Modifikationer i denne Paragrafs Bestemmelse, naar den finder, at der er truffen anden Foranstaltning, der udelukker Brandfare.

§ 5.

Enhver Eier er ansvarlig for, at alle Skorstene og de til samme hørende Røgløbninger i de ham tilhørende Bygninger behørig vedligeholdes. I Forening med Eieren paa hviler dette Ansvar tillige Veieren, naar denne ikke betimelig har anmeldt en ham bekendt Mangel for Eieren, eller i fornødent Fald for Brandkommissionen.

Hvor ofte Skorstene skulle renses, fastsættes af Byraadet efter Forhandling med Brandkommissionen. Rensningens Udførelse tilkommer de af Byraadet antagne Skorstensfeiere imod den af Byraadet herfor fastsatte tagtmæssige Betaling, der i fornødent Fald kan inddrives ved Udpantning. Brandkommissionen fastsætter de nærmere Forfrister for Skorstensfeierens Virksomhed.

Ansvaret for Rensningens Udførelse paa hviler Skorstensfeieren, hvorimod der paa hviler Eieren Ansvar, saafremt han lægger Hindring i Veien for Rensningens Udførelse, eller ved Afgivelse af urigtige Forklaringer giver Anledning til at Reiningen af Skorstene ikke foretages til de fastsatte Tider.

Nr. 20. Lov af 15de Oktbr. om Brandvæsenet i Kjøbenhavn.

Nr. 20. Að hreinsa reykháfa með því að brenna innan úr þeim, er eigi leyft, nema
15. brunamálanefndin leggi á samþykki sitt, og skal þá gæta þeirra varúðar reglna, sem henni
oktbr. finnst ástæða til að skipa fyrir um.

Að hreinsaðar sjeu ofnpípur og reykháfar, sem liggja úr eldstóm, hefir sá ábyrgðina á, sem býr í þeim húsum, er reykháfurinn heyrir til.

6. grein.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má eigi leggja upp fyrir utan hús, þegar brunamálanefndin álitur, að hætt sje við, að af því geti hlotizt eldsvoði. Mikið af við og borðum má að eins hafa fyrir utan hús, á þeim stöðum, þar sem brunamálanefndinni þykir henta, og að öðru leyti skal þeirra skilyrða gætt, sem sett verða í reglugjörð bæjarstjórnarinnar.

7. grein.

Sjerhver sá, sem í húsi hefir forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það upp undir þaki fyrir ofan efstu bitana. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt.

Samt skal það vera leyft, að hafa allt að 4 pd. af púðri í búð, eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum kerum úr pjátri eða eiri. Þeir sem verzla með púður, skulu tvisvar sinnum á ári skýra slökkviliðsstjóranum frá þeirri verzlun, og skal hann halda sjerstaka bók um það, og tvisvar sinnum á ári grennslast eptir, hvort púðrið sje geymt á þann hátt, sem að framan er fyrir mælt, og senda lögreglustjóra ritaða skýrslu um það. Sjerhver sá, sem flytur sjóleiðis púður til bæjarins, skal, áður en því er skipað upp, senda brunamálanefndinni ritaða tilkynningu um það, og skal nefndin sjá um að fylgt sje þeim varúðar reglum, sem þörf er á, þá er púðrinu er skipað upp.

Verði skotbaðmull, nitroglyserin, dýnamít og þess konar sprengi-efni, flutt til bæjarins, má eigi skipa því upp nema með leyfi brunamálanefndarinnar, og skal hún í hverju einstöku tilfelli ákveða, hvernig því skuli skipað upp og hvernig það skuli geymt.

8. grein.

Birgðir af steinolíu (petroleum), terpentínu og kamfinu og þess konar lýsingarvökvum, hvort heldur það er um stundarsakir eða að staðaldri, má að eins hafa á þeim stöðum, þar sem brunamálanefndin álitur að eigi geti hlotizt af þeim sjerstök hættu fyrir eldsvoða.

Þetta gildir samt ekki um minni birgðir en 20 tunnur (3,500 potta), þegar þær eru geymdar í jörð undir húsum, sem enginn býr í, og skulu þar að auki verzlunarmenn og verksmiðir hafa leyfi til að geyma allt að því 800 potta af fyrnefndum efnum í trè-ílátum eða flöskum í sölubúðum og smiðjum, sem eigi liggi ofanjarðar og sje undir húsum, en allt að því 200 potta af hinum sömu efnum í sölu- og smiðahúsum, sem sjeu ofanjarðar.

Um allar birgðir skal gæta þeirra varúðar reglna, sem sagt er fyrir um í reglugjörð þeirri, sem getið er að framan, og þar að auki getur brunamálanefndin, þegar sjerstaklega til hagar, skipað fyrir um enn ítarlegri varúðar reglur.

At udbrænde Skorstene er ikke tilladt uden Samtykke af Brandkommissionen og Nr. 20. under Tagtagelse af de Forsigtighedsregler, den finder Anledning til at foreskrive. 15.

Før Renholdelse af Raskelovnsrør og andre til Skorstene førende Røglebninger er den ansvarlig, der beboer den Leilighed, hvortil Røglebningen hører. Oktbr.

§ 6.

Brænde, Stenful, Løv og andet Brændsel maa ikke oplægges udenfor Hus, naar Brandkommissionen finder, at saadant er forbundet med Brandfare. Større Dplag af Tømmer og Brædder udenfor Hus maa kun have paa saadanne Steder, som Brandkommissionen anser for passende og iøvrigt under de Betingelser, som fastsættes i Byraadets Vedtægt.

§ 7.

Enhver, der i et Hus har Dplag af Krudt, skal være pligtig at gemme det i et laaset Blik- eller Kobberrum og have det bevaret under Taget over Hanebjelkerne. Fyrværkerisager skulle opbevares paa samme Maade.

Dog skal det være tilladt at have en Beholdning af indtil 4 Pd. Krudt i Boutiken eller det Lokale, hvor der arbeides med Krudt, men det skal dersteds ligeledes holdes opbevaret i laasede Blik- eller Kobberkar. De, som handle med Krudt, skulle 2 Gange om Aaret anmelde saadan Handel for Brandinspektøren, som derover har at holde en særskilt Bog, og 2 Gange aarlig har at undersøge om Krudtbeholdningen forvares paa den ovenfor foreskrevne Maade, samt derover at afgive skriftlig Indberetning til Politimesteren. Enhver, som søværts indfører Krudt til Byen, skal, forinden Krudtet opløses, give skriftlig Anmeldelse herom til Brandkommissionen, der paaser, at Krudtets Oplosning foregaar under Tagtagelse af de fornødne Forsigtighedsregler.

Naar Skydebumuld, Nitroglycerin, Dynamit og lignende Sprængstoffer indføres til Byen, maa Oplosningen ikke foregaa uden Brandkommissionens Tilladelse, der i hvert enkelt Tilfælde bestemmer, hvorledes samme skal opløses og opbevares.

§ 8.

Dplag, saavel midlertidige som vedvarende, af Stenolie (Petroleum), Terpentin og Kampfin og lignende Belysningsvædsker maa ifkun have paa saadanne Steder, hvor de efter Brandkommissionens Skjøn ikke antages at medføre særlig Brandfare.

Dette gjælder dog ikke Dplag under 20 Tdr. (3,500 Potter), naar de ere anbragte under Jordens Overflade og under ubeboede Bygninger, og skulle derhos de Handelende og Fabrikanter være berettigede til at opbevare indtil 800 Potter af de nævnte Stoffer paa Træ eller Glas i Udsalgs- eller Værksteder, der ere anbragte i beboede Bygninger, men under Jordens Overflade, og indtil 200 Potter af de samme Stoffer i Udsalgs- og Værksteder, der ere anbragte over Jordens Overflade.

Med Hensyn til samtlige Dplag blive de i den ovennævnte Vedtægt foreskrevne almindelige Forsigtighedsregler at iagttage, og derhos kan Brandkommissionen i særlige Tilfælde paahbyde yderligere Forsigtighedsregler.

Nr. 20.

15.
oktbr.

9. grein.

Sjerhver sá, sem flytur efni þau, sem getið er um í 7. og 8. gr. til Reykjavíkur, skal láta meðfylgja ritaða tilkynning um, hverjum þau sjeu ætluð. og skal tilkynning þessi send brunamálanefndinni, áður en það verður leyft að skipa þeim upp.

10. grein.

Stærri birgðir af áfengum drykkjum, tjöru og brenndu en óbleyttu kalki, eru háðar tilsjón brunamálanefndarinnar, og eru þeir, sem hafa birgðir af tjeðum hlutum, skyldir til að hlýða þeim reglum, sem brunamálanefndin finnur ástæðu til að setja, með tilliti til þess staðar, þar sem þær eru geymdar, stærðar þeirra og þeirra varúðar reglna, sem gæta ber.

11. grein.

Til þess að byggja verksmiðjur, sem mjög hætt er við að eldsvoði geti komið upp í, á lóð kaupstaðarins, og hafa í þeim iðnað, útheimtist leyfi landshöfðingja, og skal það vera bundið því skilyrði, að þeim varúðar reglum sje fylgt, bæði með tilliti til byggingar verkstaðarins og notkunar hans, sem brunamálanefndin álitur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir hættu fyrir eldsvoða. Hinar sömu reglur gilda, þegar verksmiðjur þessar eru fluttar og byggðar upp aptur, svo og þegar byggt er við þær, og viðbót þessi að álitu brunamálanefndarinnar er þess eðlis, að hún í meira lagi gjöri verksmiðjuna brunahættari en áður.

Hvenær sem brunamálanefndinni þykir þess við þurfa, má láta menn, sem vit hafa á, rannsaka tjeðar smiðjur.

Brunamálanefndin gjörir út um það, hvort verksmiðja eða einhver atvinnuvegur komi undir þessa grein.

12. grein.

Smiðjur trjesmiða, stólasmiða, laggara og handiðnamanna, sem fást við trjesmiði, skulu vera aðgreindar frá íveruhíbýlum, sem eru áföst við þær, með veggjum, sem eru steinhlaðnir eða reyrlagðir og dregnir kalkhimnu, og þegar íveruhíbýli eru upp yfir eða undir þesskonar smiðjum, skulu loptin í smíðahúsinu eða í herbergjunum, sem undir eru, vera gipsuð.

Úr þess konar smíðahúsum skulu spænis af því, sem smíðað er daglega, fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

Hinar nánari reglur til að koma í veg fyrir hættu af bruna í tjeðum smiðjum, einkum með tilliti til þess, að koma þar fyrir eldstó, og notkun smiðjanna, svo og um geymslu á trjáviði þeim, sem til þeirra heyrir, skulu ákveðnar í fyrnefndri reglugjörð. Um fyrirkomulag á smiðjum skulu hinar nákvæmari reglur ákveðnar í reglugjörð þeirri. sem bæjarstjórnin semur.

13. grein.

Verksmiðjur, þar sem eldur er hafður, t. a. m. brauðgjörðarhús og ölgjörðarhús o. s. frv., og allar þess konar minni háttar smiðjur, sem, ef stærri væru, yrðu taldar með þeim smíðahúsum, sem eru mjög brunahætt, t. a. m. tólgarbræðsluhús og kertasteypuhús, og önnur þvílík hús, eru háð tilsjón brunamála nefndarinnar, og skal það vera skylt með tilliti til þeirra, að fylgja bæði hinum almennu varúðar reglum, sem ákveðnar verða í

Nr. 20. Lög 15. oktbr. um brunamál í Reykjavík.

§ 9.

Enhver, som indfører de i §§ 7 og 8 nævnte Stoffer til Reykjavik, skal lade medfølge en skriftlig Anmeldelse om, for hvem de ere bestemte, hvilken Anmeldelse bliver at aflevere til Brandkommissionen, forinden det er tilladt at losse Stofferne.

Nr. 20.
15.
Oktbr.

§ 10.

Større Dplag af Spirituosa, Tjære og brændt, men ulæftet Kalk ere undergivne Brandkommissionens Tilsyn, og ere Dplagshavere af de nævnte Gjenstande med Hensyn til Dplagsstedet, Dplagets Størrelse og Forsigtighedsreglers Iagttagelse pligtige at efterkomme de Forskrifter, som Brandkommissionen maatte finde Anledning til at give.

§ 11.

Til Anlæggelsen og Driften af Fabrikker af særlig brandfarlig Vægfærdighed paa Kjøbstadens Grund udfordres Landskøbingens Tilladelse, der vil være at betinge af, at de Forsigtighedsregler baade med Hensyn til Bygningens Opførelse og Fabrikens Drift, som Brandkommissionen anser fornødne for at forebygge Brandfare, iagttages. Samme Regler gjælde for deslige Fabrikkers Flytning og Ombygning samt for saadanne Tilbygninger til dem, som efter Brandkommissionens Skøn ere af den Vægfærdighed, at der maa tillægges dem en væsentlig Betydning med Hensyn til Etablisementets Brandfarlighed.

Saa ofte Brandkommissionen anser saadant fornødent, kunne de nævnte Værksteder underkastes Syn af Sagkyndige.

Om en Fabrik eller Næringsvei bliver at henføre under nærværende Paragraf, afgøres af Brandkommissionen.

§ 12.

Værksteder for Snekere, Stølemagere, Bødkere og andre Haandværkere, der arbejde i Træ, skulle være adskilte fra tilstødende Beboelsesleiligheder ved Vægge, der ere af Mur, eller rørede og pudsede, og naar der findes Beboelsesleiligheder over eller under saadanne Værksteder, skulle Loftene henholdsvis i Værkstedet eller i det underliggende Lokale være gipsede.

Fra deslige Værksteder skulle Spaanerne, som falde ved det daglige Arbejde, hver Dag bortbringes til et sikkert og affides Sted, hvor ingen Ild eller Lys kommer.

De nærmere Regler for at forebygge Brandfare i de her omhandlede Værksteder, navnlig med Hensyn til Indretningen af Ildsted i samme og til Benyttelsen af Værkstederne samt af de dertil hørende Dplag af Træmateriale, fastsættes i den ovennævnte Vedtægt. Om Indretningen af Smedeværksteder fastsættes de nærmere Regler i den af Byrådet afattede Vedtægt.

§ 13.

Fabrikker, hvori anvendes Ild, t. Ex. Bagerier, Bryggerier o. s. v., og alle saadanne mindre Fabrikker, der, hvis de vare store, vilde henhøre til de særdeles brandfarlige, t. Ex. Talsmelterier, Kystøberier og lign., ere undergivne Brandkommissionens Tilsyn og pligtige til at iagttage saavel de almindelige Forsigtighedsregler, der fastsættes i den nævnte Vedtægt,

Nr. 20. Lov af 15de Oktbr. om Brandvæsenet i Reykjavik.

Nr. 20. nefndri reglugjörð, og hinum sjerstaklegu reglum, sem brunamálanefndin álitur nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Í nýjum bakaraofnum skulu ávallt vera tvöföld hvolf.

14. grein.

Kirkjur, leikhús, gripasýningarhús, skemmtistaðir og önnur hús, þar sem margmenni kemur saman í stór húsakynni, eru háð sjerstaklegri tilsjón brunamálanefndarinnar. Brunamálanefndin getur sjerilagi krafist þess, að nógu margir útgangar sjeu á þess konar húsum, og að þeim fylgi slökkvitól þau, sem þörf er á við bruna, svo og, að þar eptir kringumstæðunum sje haldinn brunavörður, þegar húsin eru notuð, allt á kostnað eigandans.

15. grein.

Allir húseigendur, sem hafa hús sín í ábyrgð kaupstaðarins fyrir eldsvoða, eru skyldir til, auk þeirra slökkvitóla, sem til fengin eru og sem haldið er við á kostnað kaupstaðarins, að útvega á eigin kostnað slökkvitól þau, sem hjer skal getið, og ávallt halda þeim í tilhlýðilegu standi:

Eigendur húsa eða margbygginga, sem fengin er ábyrgð fyrir, er nemur 10,000 kr. og þar fram yfir 1 brunastiga, 1 brunakrókstjaka. 5 brunaskjólur.

—	8,000	—	allt að 10,000 kr.	5	—
—	6,000	—	8,000 —	4	—
—	4,000	—	6,000 —	3	—
—	2,000	—	4,000 —	2	—
minni en	2,000	—		1	—

Áhöld þessi skulu ávallt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta né aðra skuld.

Hinar nánari reglur um, að útvega slökkvitól þessi og halda þeim við, verða ákveðnar í nefndri reglugjörð.

16. grein.

Reglugjörð sú, sem getið er í lögum þessum, og sem þar að auki skal taka upp í nákvæmari ákvarðanir um það, hverjir sitja eigi í brunamálanefndinni, og um verkahring hennar, skal samin af bæjarstjórninni, og send landshöfðingja til samþykktar. Virðist honum ísjárvert, að samþykkja reglugjörðina eða einstök atriði í henni, skal hann, áður en hann leggur úrskurð á málið, semja um málið við bæjarstjórnina, og reyna til að koma sjer saman við hana um breytingar þær, er hann álitur nauðsynlegar. Engin sú ákvörðun er hefir kostnaðar auka fyrir bæjarsjóðinn í för með sjer, verður tekin upp í reglugjörðina, sje bæjarstjórnin henni mótfallin. Þykist bæjarstjórnin hafa ástæðu til, að kæra yfir úrskurði landshöfðingja, getur hún borið málið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland.

17. grein.

Reglugjörðin skal prentuð á kostnað kaupstaðarins og birt almenningi samkvæmt reglum þeim, sem landshöfðingi setur í því tilliti.

Breytingar á reglugjörðinni og viðaukar við hana skulu gjörðir og birtir á sama hátt og hin upphaflega reglugjörð.

Nr. 20. Lög 15. októbr. um brunamál í Reykjavík.

som de særlige Regler, som Brandkommissionen anser fornødne for at forebygge Brandfare. Nr. 20.
Nye Bagerovne skulle altid forsynes med dobbelte Hvælvinger.

15.
Oktbr.

§ 14.

Kirker, Theatre, Udstillingsbygninger, Forlystelseslokaler og andre Bygninger, hvor der i store Rum samles en betydelig Menneffemasse, ere undergivne Brandkommissionens særlige Tilsyn. Brandkommissionen kan navnlig fordrø, at saadanne Lokaler ere forsynede med et tilstrækkeligt Antal Udgange og med de for Ildbrandstilsælde fornødne Slukningsredskaber, saavel som at der efter Omstændighederne holdes Brandvagt, naar Lokalet afbenyttes, alt paa Ciereus Bekostning.

§ 15.

Foruden de Brandredskaber, der anskaffes og vedligeholdes for Kommunens Regning, ere samtlige Grundeiere, hvis Bygninger ere optagne under Kommunens Brandforsikring, pligtige til for egen Regning at anskaffe og stedse vedligeholde i forsvarlig Stand efternævnte Brandredskaber:

Ciere af Huse eller Bygningskomplekser med en samlet Forsikringssum

af 10,000 Kroner og derover 1 Brandstige, 1 Brandhage, 5 Brandspande,

- 8,000 — men under 10,000 Kroner 5 do.

- 6,000 — — — 8,000 — 4 do.

- 4,000 — — — 6,000 — 3 do.

- 2,000 — — — 4,000 — 2 do.

- under 2,000 Kroner 1 do.

Disse Redskaber skulle altid forblive ved Eiendommen, og der maa i dem ikke gives særligt Udlæg hverken for Skatter eller for anden Gjæld.

De nærmere Regler med Hensyn til disse Brandredskabers Anskaffelse og Vedligeholdelse fastsættes i den nævnte Vedtægt.

§ 16.

Den i nærværende Lov omhandlede Vedtægt, i hvilken der tillige bør optages nærmere Bestemmelser om Brandkommissionens Sammensætning og Virksomhed, affattes af Byraadet og indsendes til Landskhøvdningens Approbation. Finder denne Betænkelighed ved at approbere Vedtægten eller Dele af denne, bør han, inden han afgjør Sagen, ved Forhandling søge at opnaa Overensstemmelse med Byraadet om de Ændringer, som han anser fornødne. Ingen Bestemmelse, hvorved forøget Udgift vil blive paaført Kommunens Kasse, kan optages i Vedtægten, naar Byraadet erklærer sig derimod. Finder Byraadet Joie til at besvare sig over Landskhøvdningens Afgjørelse, kan det forelægge Sagen for Ministeriet for Island.

§ 17.

Vedtægten trykkes paa Kjøbstadens Bekostning og bringes til almindelig Kundskab overensstemmende med de Forfrister, som i saa Henseende meddeles af Landskhøvdningen.

Forandringer i Vedtægten og Tillæg til samme tilveiebringes og offentliggjøres paa samme Maade som den oprindelige Vedtægt.

Nr. 20. Lov af 15de Oktbr. om Brandvæsenet i Reykjavik.

Nr. 20.

15.
oktbr.

18. grein.

Það er skylda hvers og eins, sem verður var við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja upp viðvörunarkall. Eigandi húss þess, sem eldur kemur upp í, og sje hann eigi við staddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu, hið fyrsta unnt er, annast um, að slökkviliðs-stjóranum og lögreglustjóranum verði sagt til um brunann.

19. grein.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eðs híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi af þessari sök láta það hjá líða, að segja til um brunann, eins og fyrir er mælt í næstu grein á undan.

20. grein.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa slökkviliðinu að komast að húsi sínu og lóð sinni með sprautur og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því, að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er.

Eigi heldur getur neinn bannað það, að bygging sem hann á, verði rifin, ef brunamálanefndin eða, þegar brýn nauðsyn ber til, sá, sem stendur fyrir því að slökkva brunann, álitur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

21. grein.

Það tjón, sem hlýtt af ráðstöfunum þeim, sem getið er í greininni á undan, verður skoðað sem brunatjón, og svo framarlega sem hlutir, er brunabóta-ábyrgð eigi er fengin fyrir, verða fyrir því, skal brunastjórnin greiða skaðabætur fyrir.

Sá, sem vill krefjast skaðabóta hjá brunastjórninni fyrir slíkt tjón, skal, svo fljótt auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga frá því, að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir bæjarfógeta, sem þar á eftir sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unnt er í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara, til þess að meta brunatjónið á eignum þeim, sem ábyrgð fyrir eldsvoða er fengin fyrir, og að öðrum kosti með því, að láta tvo menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann.

Þeir menn, sem til þessa eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klukkustundir, fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga; skulu þeir greiddir af brunastjórninni.

22. grein.

Það er skylda hvers og eins, þegar eldsvoði verður, að láta þá aðstoð í tje, til þess að slökkva eldinn, sem hann getur, ef slökkviliðs-stjórnin krefst þess, hvort heldur með því, að hann sjálfur leggur verk til, eður hann lætur af hendi við slökkviliðs-stjórnina vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti. Fyrir þær skemmdir, sem áhöld þau og hlutir, sem notaðir hafa verið, kynnu að verða fyrir við það, getur hlutaðeigandi heimtað skaðabætur af slökkviliðs-stjórninni.

23. grein.

Enginn má við eldsvoða undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem Nr. 20. Lög 15. oktbr. um brunamál í Reykjavík.

§ 18.

Nr. 20.
15.
Oktbr.

Det er Pligt for Enhver, som opdager en udbrydende Ildbrand, derom at gjøre Ansfrag; Eieren af Stedet, hvori Ild opkommer, og naar denne ikke er tilstede, vedkommende Leiere eller Beboere, skulde snarest muligt sørge for, at Brandinspektøren og Politimesteren underrettes om Ilden.

§ 19.

Enhver, i hvis Hus eller Bolig Ildbrand opkommer, bør, foruden derom strax at underrette Stedets Beboere, ved alle til hans Raadighed staaende Midler stræbe strax at dæmpe Ilden, uden at det dog af denne Grund maa forsummes at gjøre de i forrige Paragraf foreskrevne Anmeldelser.

§ 20.

Enhver er i Ildbrandstilfælde pligtig at tilstede Brandvæsenet, dets Sprøiter og andre Redskaber Afgang til sit Hus og sin Grund, og taale, at saadan Afgang aabnes ved Gjennembrydning og Vortskaffelse af Hindringer.

Et heller kan Noen modsætte sig, at en ham tilhørende Bygning nedrives, naar saadant af Brandkommissionen eller i paatrængende Tilfælde af den Høistkommanderende ved Branden findes nødvendigt for at standse Ildens Udbredelse.

§ 21.

Den Skade, som bevirkes ved de i foregaaende Paragraf ommeldte Foranstaltninger, betragtes som Brandskade, og bliver, for saa vidt den rammer Gjenstande, der ikke ere brandforsikrede, at erstatte af Brandvæsenet.

Den, som vil paaftaa Erstatning af Brandvæsenet for saadan Skade, har snarest muligt og senest 8 Dage efter Branden at fremsætte sin Paastand for Byfogden, som derefter foranstalter Erstatningens Størrelse fastsat saavidt muligt i Forbindelse med de til Bestemmelse af Brandskade paa de forsikrede Eiendomme stedfindende Taxationer og ellers ved tvende særlig dertil udmeldte Mænd.

De udmeldte Mænd erholde i Dagpenge hver 4 Kroner; naar Forretningen varer mere end 8 Timer uafbrudt, beregnes Dagpenge for 2 Dage. De udredes af Brandvæsenet.

§ 22.

Det paaligger i Ildbrandstilfælde Enhver paa Forlangende af Brandvæsenet at yde den Hjælp til Ildens Slutning, som han maatte være i Stand til, det være sig ved personligt Arbejde, eller ved at stille Vandbeholdninger, Brandredskaber, Heste, Vogne eller andre Gjenstande til Brandvæsenets Raadighed. Al Skade, de afbenyttede Redskaber og Gjenstande derved maatte lide, kan den Vedkommende fordræ sig godtgjort af Brandvæsenet.

§ 23.

Ingen maa under noget som helst Paaskud i Ildbrandstilfælde indtrænge sig

Nr. 20. Lov af 15de Oktbr. om Brandvæsenet i Reykjavik.

Nr. 20. settir eru til þess, að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða
 15.
 oktbr. skorast undan að hlýða fyrirætlum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðs-stjórnarinnar um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Sjerhver sá, sem verður brotlegur í því, skal þegar tekinn fastur.

24. grein.

Enginn má við eldsvoða, nema slökkviliðs-stjórnin leyfi það, kasta hlutum út úr húsum eða gluggum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem slökkviliðið er við starf sitt, eða menn fyrir.

25. grein.

Með húsum þeim, sem eru svo skammt frá brunanum, að hætt sje við, að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eptirlit, og skal hann þar að auki gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tækan tíma skýra slökkviliðs-stjórninni frá, ef hætta vofir yfir.

26. grein.

Enginn getur meinað brunamálanefndinni eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til að sýna fram slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafizt af brunamálanefndinni eða þeim, sem hún hefir útsent.

27. grein.

Skipanir þær og forboð þau, sem útganga frá brunamálanefndinni, til þess því verði fullnægt, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, skulu, þegar þess verður krafizt af þeim, er skipunin eða forboðið á við, vera byggð á álit, sem rök sjeu leidd að um það, hvernig kringumstæðunum á þeim stað er varið, hvort þær sjeu þannig, að hætt sje við eldsvoða, og hvort nauðsyn sje til að gjöra breytingu á því, og skal þá einnig eptir því, sem á stendur, skýrt frá, hvernig það skuli gjört.

Úrskurði brunamálanefndarinnar má bera undir landshöfðingja, en enginn getur með því, að bera sig upp við landshöfðingja, komið sjer hjá að hlýða úrskurði brunamálanefndarinnar í bráð.

28. grein.

Með afbrot gegn lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau eigi koma undir hin almennu hegningarlög, svo og brot gegn reglugjörðinni um brunamál kaupstaðarins, og þeim skipunum og forboðum, sem út gengin eru frá brunamálanefndinni, skal farið sem opinber lögreglumál, og liggja sektir við, sem sjeu allt að því 200 krónur, eða einfalt fangelsi í allt að því 2 mánuði. Sektirnar renna í sjóð kaupstaðarins.

29. grein.

Í þeim málum, sem hafin verða gegn einhverjum út af því, að hann eigi hafi
 Nr. 20. Lög 15. oktbr. um brunamál í Reykjavík.

indenfor de til Brandstedets Afspærring for Ubedkommende udsatte Poster, eller vægre sig ved **Nr. 20.** at efterkomme Politiets eller Brandvæsenets Opfordring om at forlade det saaledes afspærrede Terrain. Enhver, der gjør sig skyldig i Overtrædelse heraf, kan strax anholdes. 15.
Oktbr.

§ 24.

Ingen maa i Ildbrandstilfælde uden Brandvæsenets Tilladelse udkaſte Gods af Luger eller Vinduer ned paa Gader, Pladser eller i Gaarde, hvor Brandvæsenet arbejder eller folk opholde sig.

§ 25.

Med de Huse, der ligge ſaa nær ved Brandstedet, at de kunne være udsatte for at angribes af Ilden, eller ſom naaes af Flyveild, ſkal Eieren eller den, der træder i hans Sted, være pligtig at føre omhyggeligt Tilſyn, hvorhos han ſkal gjøre Alt, hvad der ſtaar i hans Magt for at forebygge Antændelse, ligesom han ogſaa betimelig ſkal give Brandvæsenet Underretning, hvis Fare ſkulde true.

§ 26.

Ingen kan nægte Brandkommiſſionen eller dens Udfendinge Afgang til ſin Grund eller Bygning, naar de indfinde ſig der for at anſtille Underſøgelse til Overholdelse af denne Lovs Beſtemmelſer, og enhver Grundeier er pligtig til paa Forlangende af Brandkommiſſionen eller dens Udfendinge at foreviſe de Brandredſkaber, der ſkulle findes paa Eiendommen.

§ 27.

De Paalæg og Forbud, der gives af Brandkommiſſionen til Opfyldelse af nærværende Lovs Beſtemmelſer, ſkulle, naar det forlanges af den, hvem Paalæget eller Forbudet gives, være ſtøttede paa et af Grunde ledſaget Skøn om de ſtedfindende faktiſke Forhold, diſſes brandfarlige Beſkaffenhed og Nødvendigheden af at der deri foregaar en Forandring, ſamt efter Omſtændighederne tillige angive Maaden, hvorpaa denne bør ſke.

Brandkommiſſionens Afgjørelſer kunne indbringes for Landshøvdingen, men Ingen kan ved at henvende ſig til Landshøvdingen, unddrage ſig fra foreløbig at efterkomme Brandkommiſſionens Afgjørelſe.

§ 28.

Overtrædelſer af denne Lov, for ſaa vidt de ikke falde ind under den almindelige Straffelov, ſamt Overtrædelse af Vedtægterne vedkommende Kjøbstadens Brandvæsen og af de af Brandkommiſſionen givne Paalæg eller Forbud paatales ſom offentlige Politiforſejelſer og ſtraffes med Bøder indtil 200 Kroner eller ſimpelt Fængſel indtil 2 Maanedes. Bøderne tilfalde Kjøbstadens Kaſſe.

§ 29.

I Sager, der anlægges mod Noget for ikke at have rettet ſig efter de ham af **Nr. 20.** Lov af 15de Oktbr. om Brandvæsenet i Kjøbenhavn.

Nr. 20. hlýðnast skipunum eða forboðum brunamálanefndarinnar, skal með dóminum beita þeirri
 15. venjulega þvingun, sem lög leyfa. Álíti brunamálanefndin, að eitthvað sje eptir ásig-
 oktr. komulagi sínu svo brunahætt, að gjöra skuli breytingu á því þegar í stað, til þess almenn-
 ingi eigi sje nein hættu búin af því, og ef sá, sem hlut á að máli, eigi þegar í stað
 hlýðnast því, sem honum verður lagt fyrir í því tilliti, skal lögreglustjórnin skyld til,
 eptir beiðni brunamálanefndarinnar og á hennar ábyrgð, að gjöra þær ráðstafanir, sem með
 þarf, með því að beita beinlínis valdi sínu.

30. grein.

Landshöfðingi skal hafa heimild til, að gjöra breytingar þær á þeim reglum, sem
 snerta lögreglustjórn á brunamálum, og viðauka þá við þær, sem reynslan sýnir að þörf
 sje á, og skal þá í hvert skipti gefa út um það almenna auglýsingu.

31. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1876.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 15. dag oktrm. 1875. .

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.

Brandkommissionen give Paalæg eller Forbud, blive de i Lovgivningen hjemlede almindelige Nr. 20. Dvangsmidler ved Dommen at bringe til Anvendelse. Skjønner Brandkommissionen, at noget ^{15.} Øttbr. stedfindende Forhold er af en saadan brandfarlig Væbskaffenhed, at det for den offentlige Sikkerheds Skyld uopholdelig bør forandres, og Vedkommende ikke strax retter sig efter det Paalæg, der i saa Henseende gives ham, skal Politiet være pligtig til paa Brandkommissionens Begjæring og Ansvar at foranstalte det Fornødne ved umiddelbar Anvendelse af Magt.

§ 30.

Landskøbingen skal være berettiget til at foreskrive de Forandringer i og Tillæg til de Brandpolitiet vedrørende Forskrifter, hvortil Erfaringen maatte vise Trang, hvorom da i hvert Fald offentlig Bekjendtgjørelse bør udstedes.

§ 31.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1876.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 15de Oktober 1875.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.